

Opinber réttaraðstoð

06 232

Ársreikningur 2025

Efnisyfirlit

| | Bls. |
|--------------------------------------------------------|-------------|
| Skýrsla og áritun forstöðumans | 2 |
| Yfirlit um afkomu ársins | 3 |
| Efnahagsreikningur | 4 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 5 |
| Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum | 6 |
| Skýringar | 7 |

Opinber réttaraðstoð
Fjárlagaliðurinn er í umsjón
Dómsmálaráðuneytis
kt. 580417-0510
Skúlagötu 4, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Opinber réttaraðstoð er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli sérlaga. Stofnunin veitir almenningi ráðgjöf á sviði lögfræði og jafnframt leitast við að tryggja að réttindi einstaklinga glattist ekki sökum lítilla efna.

Starfsemin fellur undir málefnavið 09 og málaflokk 40 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2025 var ársveltan kr. 720,5 milljónir og afkoma kr. -269,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -269,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 35,4 milljónir.

Starfsemin á árinu 2025 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2025. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2025 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál. Einnig staðfesti ég að eftirfarandi sé samkvæmt minni bestu vitund og þekkingu.

Innleitt hefur verið innra eftirlit varðandi vinnslu fjárhagsupplýsinga og meðferð fjármuna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og uppgötva svik og skekkjur og að ekki hafa komið upp atvik sem benda til þess að innra eftirlit sé ekki að virka sem skyldi.

Öll viðskipti á reikningsárinu sem tilheyra starfsemi ársins hafa verið færð í bókhald. Þau eru í samræmi við viðtekna viðskiptavenju og ekki hefur verið um neina óeðlilega verðlagningu að ræða.

Að útgjöld og aðrar fjármálalegar ráðstafanir hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga eða annarra laga sem gilda um reksturinn. Aðgreining kostnaðar milli málefnaviða/málaflokka er rétt.

Veittar hafa verið fullnægjandi upplýsingar um tengda aðila og viðskipti við þá í samræmi við lög um ársreikninga/settar reikningsskilareglur.

Allar eignir koma fram í efnahagsreikningi og fullnægjandi eignarheimildir eru fyrir öllum eignum sem fram koma í efnahagsreikningi og eignaskrá. Upplýsingar hafa verið veittar um allar kvaðir eða veðsetningar sem hvíla á eignum.

Áætlun um notkunartíma varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið yfirfarin og er í samræmi við áform um notkun og við teljum lokavirði, eins og það kemur fram í eignaskrá, raunhæft.

Þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar við reikningshaldslegt mat á viðskiptakröfum, birgðum og öðrum eignaliðum eru viðeigandi og að kröfur muni innheimtast í samræmi við matið.

Upplýsingar hafa verið veittar um allar skuldir í árslok, bæði áföllnum og skilyrtum, þar á meðal ábyrgðum sem við höfum veitt vegna þriðja aðila, skuldbindandi samningum, skaðabótakröfum, málaferli, skattaskuldir og aðrar skuldir sem geta haft veruleg áhrif á mat á fjárhagsstöðuna. Þær koma fram í ríkisreikningi og séryfirlitum með ríkisreikningi eftir því sem við á.

Veittar hafa verið upplýsingar um atburði eftir reikningsskiladag sem áhrif geta haft á mat á fjárhagsstöðuna í lok árs.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Opinberar réttaraðstoðar fyrir árið 2025 með rafrænni undirritun sinni.

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2025

| | Skýr | 2025 | 2024 |
|--------------------------------------------------------------|------|----------------------|----------------------|
| Tekjur | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 2 | 673.800.000 | 648.800.000 |
| Sala á vöru og þjónustu | 3 | 46.706.950 | 16.080.390 |
| Framlög, gjafir og aðrar tekjur | | 0 | 1.016.844 |
| Tekjur samtals | | 720.506.950 | 665.897.234 |
| Gjöld | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 4 | 8.322.996 | 8.248.029 |
| Annar rekstrarkostnaður | 5 | 982.480.310 | 1.031.991.329 |
| Gjöld samtals | | 990.803.306 | 1.040.239.358 |
| Afkoma fyrir fjármagnsliði | | (270.296.356) | (374.342.124) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | | |
| Fjármunatekjur | | 727.339 | 828.711 |
| Fjármagnsgjöld | | (16.188) | (82.896) |
| | | 711.151 | 745.815 |
| Afkoma ársins | | (269.585.205) | (373.596.309) |
| Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum | | | |
| Rekstur | | (277.385.205) | (381.396.309) |
| Rekstrartilfærslur | | 7.800.000 | 7.800.000 |
| | | (269.585.205) | (373.596.309) |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

| | Skýr | 31.12.2025 | 31.12.2024 |
|-----------------------------------------------------|------|----------------------|----------------------|
| Eignir | | | |
| Skammtímakröfur | 6 | 33.170.072 | 20.811.867 |
| Tengdir aðilar | 7 | 2.209.856 | 73.422 |
| Eignir samtals | | <u>35.379.928</u> | <u>20.885.289</u> |
| Skuldir | | | |
| Aðrar skuldir | 8 | 77.063.663 | 105.211.616 |
| Tengdir aðilar | 7 | 227.901.470 | 289.269.982 |
| Skuldir samtals | | <u>304.965.133</u> | <u>394.481.598</u> |
| Eignir samtals að fráðregnum skuldum samtals | | (269.585.205) | (373.596.309) |
| Eigið fé | | | |
| Hrein eign | | <u>(269.585.205)</u> | <u>(373.596.309)</u> |
| Eigið fé samtals | 9 | <u>(269.585.205)</u> | <u>(373.596.309)</u> |
| Eigið fé og skuldir samtals | | <u>35.379.928</u> | <u>20.885.289</u> |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2025

| | Skýr | 2025 | 2024 |
|-----------------------------------------------|------|----------------------|----------------------|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afcoma ársins | | (269.585.205) | (373.596.309) |
| | | <u>(269.585.205)</u> | <u>(373.596.309)</u> |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Skammtímakröfur | | (12.358.205) | 31.375.884 |
| Tengdir aðilar | | 310.091.363 | 316.861.097 |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | (28.147.953) | 25.359.328 |
| | | <u>269.585.205</u> | <u>373.596.309</u> |
| | | <u>0</u> | <u>0</u> |
| Handbært fé frá rekstri (til rekstrar) | | <u>0</u> | <u>0</u> |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | | | |
| Handbært fé í byrjun árs | | 0 | 0 |
| | | <u>0</u> | <u>0</u> |
| Handbært fé í árslok | | <u>0</u> | <u>0</u> |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

| | Fjárveiting til rekstrar | Rekstrar- tilfærslur | Samtals |
|---------------------------------------------------------------------------|-----------------------------|-------------------------|----------------------|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2025 | 666.000.000 | 7.800.000 | 673.800.000 |
| Fjárveiting ársins | 666.000.000 | 7.800.000 | 673.800.000 |
| Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2024, (umframráðstafað) | (381.396.309) | 7.800.000 | (373.596.309) |
| Breyting fjárveitinga skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins .. | 381.396.309 | (7.800.000) | 373.596.309 |
| Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu | 666.000.000 | 7.800.000 | 673.800.000 |
| Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum | (943.385.205) | 0 | (943.385.205) |
| Staða fjárveitinga í lok árs 2025 | (277.385.205) | 7.800.000 | (269.585.205) |

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainistæðum færast hjá ríkissjóði.

Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Aðrar skuldir

Aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

2025 2024

2 Tekjufærsla fjárveitinga

| | | |
|--------------------------------|--------------------|--------------------|
| Tekjufærsla fjárveitinga | 673.800.000 | 648.800.000 |
| | <u>673.800.000</u> | <u>648.800.000</u> |

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

| | Rekstur | Rekstrar- tilfærslur | Fjármagns- tilfærslur | Samtals |
|---------------------------------------------------------------------|----------------------|-------------------------|--------------------------|----------------------|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum | 666.000.000 | 7.800.000 | 0 | 673.800.000 |
| Fjárveiting til tekna | 666.000.000 | 7.800.000 | 0 | 673.800.000 |
| Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum . | (943.385.205) | 0 | 0 | (943.385.205) |
| Staða fjárveitinga ársins í lok árs | (277.385.205) | 7.800.000 | 0 | (269.585.205) |

2025 2024

3 Sala á vöru og þjónustu

| | | |
|----------------------------|-------------------|-------------------|
| Ýmsar þjónustutekjur | 46.706.950 | 16.080.390 |
| | <u>46.706.950</u> | <u>16.080.390</u> |

4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

| | | |
|------------------------|------------------|------------------|
| Laun | 6.935.220 | 6.894.374 |
| Launatengd gjöld | 1.387.776 | 1.353.655 |
| | <u>8.322.996</u> | <u>8.248.029</u> |

5 Annar rekstrarkostnaður

| | | |
|--------------------------------------------------------------|--------------------|----------------------|
| Ýmis tæki og áhöld | 47.260 | 0 |
| Matvæli | 0 | 11.800 |
| Vörukaup, almenn | 47.260 | 11.800 |
| Fundir, námskeið, risna | 4.588.000 | 2.331.584 |
| Ferðir, uppihald | 0 | 74.760.417 |
| Akstur | 52.088 | 223.669 |
| Sérfræðiþjónusta | 977.173.086 | 936.122.174 |
| Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld | 46.900 | 166.400 |
| Auglýsingar og kynningarstarfsemi | 39.092 | 52.496 |
| Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta | 237.849 | 12.000 |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta | 982.137.015 | 1.013.668.740 |
| Samningsbundin kaup og leiga | 0 | 50.532 |
| Verkkaup | 310.000 | 0 |
| Kostnaðarhlutdeild | 0 | 18.000.000 |
| Opinber gjöld | 4.333 | 251.108 |
| Tapaðar kröfur | (18.298) | 9.149 |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. | 296.035 | 18.310.789 |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | <u>982.480.310</u> | <u>1.031.991.329</u> |

Skýringar

| | 31.12.2025 | 31.12.2024 |
|--------------------------|-------------------|-------------------|
| 6 Skammtímakröfur | | |
| Viðskiptakröfur | 33.170.072 | 20.811.867 |
| | <u>33.170.072</u> | <u>20.811.867</u> |

7 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

| | | |
|-----------------------------------------|----------------------|----------------------|
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | (227.901.470) | (289.234.877) |
| Kröfur á tengda aðila | 2.209.856 | 73.422 |
| Skuldir við tengda aðila | 0 | (35.105) |
| | <u>(225.691.614)</u> | <u>(289.196.560)</u> |

8 Aðrar skuldir

| | | |
|------------------------|-------------------|--------------------|
| Viðskiptaskuldir | 77.063.663 | 105.211.616 |
| | <u>77.063.663</u> | <u>105.211.616</u> |

9 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

| | 31.12.2025 | 31.12.2024 |
|------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------|----------------------|
| Hrein eign | | |
| Jöfnuður 1.1. | (373.596.309) | (226.895.015) |
| Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins | 373.596.309 | 226.895.015 |
| Afkoma ársins | <u>(269.585.205)</u> | <u>(373.596.309)</u> |
| Jöfnuður 31.12. | <u>(269.585.205)</u> | <u>(373.596.309)</u> |

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.